

sem að vísu var lægri og með öðrum ábyrgðarmönnum en vixill sá, sem mál þetta snýst um. En þar sem það er ekki véfengt að seljandi vixilsins hafi haft hann í höndum með formlega löglegri heimild er salan fór fram, þykir stefnandi ekki hafa sýnt neina þá ógætni við víxlakaupin, að hann hafi ekki öðlazzt við þau fullan vixilrétt á hendur öllum hinum stefndu vixilskuldurum og verður því sýknu-krafa stefnds ekki tekin til greina, heldur ber einnig að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er hann snertir.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr en nú.

Föstudaginn 7. febrúar 1936.

Nr. 104/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Albert Edward Cooke

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 20. maí 1935: Kærði, Albert Edward Cooke, greiði 22000 kr. sekt til Landhelgissjóð Íslands og komi 11 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún ekki greidd innan 4 vikna, frá lögbirtingu þessa dóms. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum H. 460, James Barrie frá Hull vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir forstöðumaður stýrimannaskólans markað á sjó-

kort stað varðbátsins „Ingimundur gamli“ kl. 14,42, 14,53 og 15,02, svo og stað togarans kl. 15,18 þann 19. maí 1935.

Kl. 14,42 þann 19. maí 1935, er fyrst var gerð staðarákvörðun á varðbátnum, varð niðurstaðan þessi:

Portlandsviti	> 52°
Hatta	> 49° 10'
Hjörleifshöfði	

Og um leið var tekið horn togarans frá Hjörleifshöfða 25°.

Næst var staðarákvörðun varðbátsins gerð kl. 14,53 með þessari niðurstöðu:

Portlandsviti	> 51° 20'
Hatta	> 59° 20'
Hjörleifshöfði	

Og hornið í togarann frá Hjörleifshöfða 27° 30'

Kl. 15,02 var þriðja staðarákvörðun gerð með þessari niðurstöðu:

Portlandsviti	> 46° 50'
Hatta	> 68°
Hjörleifshöfði	

Og hornið í togarann frá Hjörleifshöfða 42° 45'.

Kl. 15,18, er togarinn nam staðar, var gerð staðarákvörðun við hlið hans, og varð þá niðurstaðan þessi:

Portlandsviti
> 35° 40'

Hatta
> 66° 20'

Hjörleifshöfði

Var staður togarans samkvæmt þessari ákvörðun 0,3 sjómilur fyrir utan landhelgislínu.

Kl. 15,51 var loks gerð staðarákvörðun við bauju þá, er varðbáturinn setti út við hlið togarans kl. 15,18, með þessari niðurstöðu:

Portlandsviti
> 35° 15'

Hatta
> 66° 25'

Hjörleifshöfði

Frá því kl. 14,49 og þar til kl. 15,16, eða um 27 mínútur, eftir því, sem foringinn á varðbátnum telur, sigldi togarinn í V. S. V., eða hér um bil beint út frá landi. Þótt gert sé ráð fyrir hægustu ferð, er kærði telur skipið fara, þegar það er að toga, 2 sjómilur á klukkustund, þá hefir það fjarlægzt land á þessum tíma um 0,9 sjómilur, og hefir þá verið að minnsta kosti 0,6 sjómilur innan landhelgislínu kl. 14,49, er það breytti stefnu sinni í V. S. V. Það má því telja sannað, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920 þann 19. maí 1935. Og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 49,28, og með tilliti til þess, að brot kærða er ítrekunarbrott og að hann sinni ekki stöðvunarmerki eða þremur stöðvunarskotum varðbátsins, 25000 króna sekt í landhelgissjóð, og komi 8 mánaða einfallt fangelsi í stað sektarinn-

ar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með því að ekki verður talið sannað, að kærði hafi framið ofan nefnt brot af ásettu ráði, verður honum ekki dæmd fangelsisrefsing fyrir það eftir 5. gr. laga nr. 5/1920.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Loks verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Edward Cooke, greiði 25000 króna sekt í landhelgissjóð, og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Albert Edward Cooke skipstjóra á togaranum H. 460 James Barrie frá Hull fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislög-gjafarinnar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 19. þ. m. var varðbáturinn Ingimundur gamli á leið austur með landi út af Dyrhólaey. Sást þá kl. 14,40 togari, sem síðar reyndist James Barrie frá Hull grunsamlega nálægt landi og stefndi hér um bil í S. A. Var strax kl. 14,42 tekin staðarákvörðun, aftur kl. 14,53 og enn kl. 15,02. Samkvæmt fyrstu 2 mælingunum virtist togarinn hafa verið rétt á sama stað, en síðasta mælingin ber með sér að togarinn var kominn utar, enda kemur það heim við að þeir á varðbátnum telja sig hafa séð togarann beygja út á við kl. 14,49 og stýra þá hérumbil í V. S. V. Kl. 15,18 kom varðbáturinn upp að hlið togarans, sem þá var með stjórnborðsvörpu í sjó og stöðvaðist togarinn þá. Hafði hann þá í 2 mín. stefnt í vestur að dómi skipstjóra varðbátsins, en 5 mín. að álitum kærða, sem þó sjálfur byggir lítið á því. Hafði togarinn eftir þetta að dómi skipstjóra varðbátsins stefnt frá landi í um 27 mín. Hinn kærði skipstjóri hefir í réttinum talið tímalengd þessa um 15 mín. en þar sem þetta er einber ágiskun hans, en dómur skipstjóra varðbátsins byggist bæði á athugunum og styðst við mælingar og framburð tveggja skipverja togarans um borð í varðbátnum, verður að leggja þá tímalengd til grundvallar í málinu sem skipstjóri varðbátsins gefur upp.

Samkvæmt óvæfengdri mælingu skipstjóra varðbátsins var togari kærða kl. 15,18 þegar hann stöðvaðist, um 0,3 sjómílu fyrir utan landhelgislinuna. Kærði hefir sjálfur gert ráð fyrir að hafa farið 0,5 sjómílu út á við á síðasta stundarfjórðungi áður en togarinn var stöðvaður og er þá miðað við hægustu ferð, sem hann telur að togarinn hafi með vörpu í eftirdragi, 2 sjóm. á klukkustund. En þó að gert sé ráð fyrir þessum minnsta hraða hlýtur skip kærða að hafa farið um eina sjómílu út á við síðustu 29 mín. áður en það var stöðvað. Og þar sem stefna þess þá V. S. V. er næstum beint út frá landhelgissvæðinu verður að álíta fullsannað að það hafi verið þar kl. 14,42 og þar á

eftir þangað til það var komið út fyrir, er varðbáturinn setti út bauju við það kl. 15,18. Og þar sem bæði er sannað með yfirlýsingu kærða og á annan hátt að hann hafi verið með botnvörpu í sjó allan þennan tíma verður að telja sannað að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum á landhelgissvæðinu umrætt sinn. Hefir hann með þessu gert sig brotlegan við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og þar eð hann hefir áður með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 9. apríl 1926 verið dæmdur fyrir brot gegn sömu lagagrein, ber að ákveða hegningu hans með hliðsjón af 3. og 5. gr. laganna sbr. einnig lög nr. 4, 11. apríl 1924 1. gr. Þykir með hliðsjón af að gullgengi kr. er nú 48.64, refsingin hæfilega ákveðin 22000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 11 mánaða einfallt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa Þar eð telja má að kærði hafi ekki af ásettu ráði framið lagabrot þetta, þykir mega sleppa fangelsisrefsingu honum til handa vegna ítrekaðs brots, sem 5. gr. laga nr. 5 1920 ákveður. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirði renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 10. febrúar 1936.

Nr. 24/1935. Protabú h/f „Sleipnis“

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

bankastjórum Landsbanka Íslands

f. h. bankans (Pétur Magnússon).

Krafa um riftun á greiðslum samkv. gjaldþrotaskiptalögnum ekki tekin til greina og eigi heldur krafa um að greiðslunum yrði varið til lúkningar öðrum kröfum en skuldareigandi hafði kvittað.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 10. jan. 1935: Stefndur, Landsbanki Íslands, skal vera sýkn af öllum kröfum stefn-